

HEIMBOÐ

FRÁ

FRANS TIL FRÓNS;

TIL

HERRA


PÁLS GAIMARD

FRÁ

ÚNGUM ÍSLENSKUM BÓKMENTAÐKURUM

Í KAUPMÁNAHÖFN

ÞANN 16DA JANÚARÍ 1839.



PRENTAÐ HJÁ S. L. MÖLLER.

THE

1888

REPORT OF THE

1888

1888

COMMISSIONERS OF THE

1888

1888

1888

1888

1888

1888

1888



Í Hafnar burt oss heimti rann,
úr hlíðum fjalla blá',
Skjaldgyðjan sú þeim öllum ann,
er iðkað mentir fá.

∴ Hirðsölum hennar frá ∴
til Fróns vér eigum fróðleik aptur
bera.

Opt leiðist oss hin flata fold,
hvar fjöll ei krýnir snjár,
og fýsir heim á fósturmold
þar fagurt ísinn gljár;
∴ helst af því huggun stár ∴
er saman kémur sveinalið ið unga.

Nú er þó gleðin einna mest —
það opt ei hlotnast vann —
er feingið höfum góðan gést
oss gleði-fundar ann;

∴ vér áður þektum þann ∴
af Frakka komin fold á Ísa-bygðir.

Þér unntu lærðum allir þá,
oss unntir líka þú;
velkominn því oss vera má
þinn vinafundur nú. —

∴ Upfyllist óskin sú; ∴
á Ísafold þig aptur líta fáum!

Þar skulum fagna frægum gést,
að feðra gömlum sið,
er unni sonum Íslands best;
hann elskum líka við!

∴ Vér Íslands únga lið! ∴
þeim gleymum seint, er gеста var
hinn besti!

Ólafur Pálsson.
